

Reykjavíkurborg  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. júní 2018  
UST201805-081/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur – Stekkjarbakki**

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar er barst 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030, þar sem horfið er frá áætlun um færslu Stekkjarbakka stofnbrautar milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.

### **Inngangur**

Í upphafi inngangs að umhverfisskýrslu er fjallað um ofangreinda breytingu og síðan segir eftirfarandi: „Á grundvelli þess má ætla að gatan verði tveggja akreina gata til framtíðar og ekki stækkuð í fjögurra akreina götu.“ Að mati stofnunarinnar er hér verið að ákveða að gatan verði ekki fjögurra akreina í framtíðinni. Stofnunin bendir á að í greinargerð breytingartillögunnar er vitnað í minnisblað VSÓ sem er viðauki við tillöguna. : „Áætluð umferð um Stekkjarbakka samkvæmt umferðarspám Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030 og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 gefa ekki tilefni til tvöföldunar Stekkjarbakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka. Þessar umferðarspár sýna mun minni umferð um Stekkjarbakka en umferðarspá eldra svæðisskipulags gerði, enda byggði eldra svæðisskipulagið á öðrum forsendum þar sem veruleg uppbygging í austurjaðri Reykjavíkur var sett fram, en fallið hefur verið frá henni. Auk þess er um talsvert ofmat á umferð að ræða í spám eldra svæðisskipulags. Því er það mat ráðgjafa að ekki sé nauðsynlegt að ráðast í tvöföldun gatna á þessu svæði.“ Umhverfisstofnun bendir á að ofangreindar tilvitnanir eru notaðar sem rök fyrir því að Stekkjarbraut verði ekki færð norðar. Að mati stofnunarinnar þarf að tryggja að ekki verði breytingar á Stekkjarbakka eftir að þessi rök hafa verið notuð. Nú stendur til að deiliskipuleggja svæði norðan við Stekkjarbakka. Að mati stofnunarinnar þarf að taka frá svæði norðan við Stekkjarbakkann sem nýtt yrði ef ekki verður staðið við það að Stekkjarbakki verði óbreyttur. Í greinargerðinni kemur einnig fram að: „Þetta undirstrikar að ekki er nauðsyn á færslu götunnar vegna aukinnar umferðar og forsvaranlegt er að halda óbreyttri legu. Það er einnig rétt að undirstrika að óbreytt lega Stekkjarbakka, fyrirbyggir ekki að það

verði mögulegt að auka umferðarrým götunnar með minni aðgerðum í framtíðinni“. Að mati Umhverfisstofnunar er þarna verið að draga í land með það að Stekkjarbakkinn verði óbreyttur til framtíðar og fellur þá fyrri fullyrðing um það að forsvaranlegt sé að halda götunni óbreyttri. Að mati stofnunarinnar þarf að taka frá svæði fyrir þessa mögulegu auknu umferðarrým norðan megin og gera ráð fyrir því í nýju deiliskipulagi af norðursvæðinu. Einnig þarf að gefa íbúum og nærliggjandi svæða hugmynd um það hvað „aukning á umferðarrým götunnar með minni aðgerðum í framtíðinni“ þýðir.

Umhverfisstofnun bendir á að í drögum að tillögu á breytingu á aðalskipulagi frá september 2017 kom fram í umfjöllun um forsögu og gildandi aðalskipulag, að með þeirri ákvörðun að áform um Fossvogsbraut sem hraðbraut voru felld út þá hefði Stekkjarbakki minna vægi í stofnbrautarkerfinu en væri áfram mikilvæg tenging milli Höfðabakka og Reykjanesbrautar og sem tenging við Breiðholtshverfin.

### Umhverfisskýrsla


Að mati Umhverfisstofnunar er úrklippa úr aðgerðaáætlun sem sýnir hljóðstig við Stekkjarbakka óþarflega gömul eða frá árinu 2010. Að mati stofnunarinnar ætti að sýna hljóðstig sem næst ástandinu eins og það er í dag. Einnig telur stofnunin að tölur um umferð um Stekkjarbakka ættu að vera nýrri en frá 2012, svo öruggt væri að þær gæfu rétta mynd af umferðinni.


### Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að fullyrðingar um að ekki sé þörf á fleiri akreinum og meiri umferðarrým, sé algjör forsenda fyrir því að Stekkjarbakkinn verði áfram óbreyttur. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tryggt sé að ekki muni koma til fjölgunar akreina Stekkjarbakka áður en ákvörðun um færslu hennar í aðalskipulagi verður tekin. Að mati Umhverfisstofnunar er það algjör forsenda fyrir því að Stekkjarbakki er festur í sessi á núverandi stað að tryggt sé að Stekkjarbakki verði ekki fjögurra akreina braut. Umhverfisstofnun bendir á að til stendur að hefja framkvæmdir norðan við Stekkjarbakka sem mun takmarka breikkun til norðurs. Að mati stofnunarinnar þarf að tryggja það að ekki verði gengið á græn svæði í grónu hverfi sem eru sunnan Stekkjarbakka. Umhverfisstofnun bendir á að markmið og tilgangur breytingarinnar er að tryggja að ekki verði farið í kostnaðarsamar aðgerðir nema brýn þörf sé á. Umhverfisstofnun bendir á að tryggja þarf að ekki verði farið í kostnaðarsamar breytingar á Stekkjarbakka á núverandi stað.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B Bragason  
Teymisstjóri